

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Skagabyggðar Víkur



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/110

Forsíðumynd: Horft til suðvesturs yfir yngstu tóftirnar á Björnsseli (nr. 62).



© Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2010/110

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Víkur – söguágrip.....	5
Fornleifaskrá.....	8
Óstaðsettar og/eða horfnar minjar	34
Samantekt og niðurstöður.....	39
Minjar í landi Víkna	39
Niðurlag.....	42
Heimildaskrá	43
Fylgiskjöl.....	44

Inngangur

Haustið 2009 lauk öðrum áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið og voru eftirtaldar jarðir skráðar í þessum áfanga: Víkur, Krókssel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir og Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland (Hafsvellir), Efri- og Neðri-Harrastaðir (Harrastaðakot), Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey, (Eyjarkot) og Syðri-Ey, Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Heimildavinna vegna skráningar Víkna hófst á vordögum og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram í júní og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi sem sá að auki um skýrslugerð.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð, Lilju Karlsdóttur og Valgeiri Karlssyni á Víkum.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Víkum númerið 1 (auðkennt Víkur - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Víkur - 1, 12310.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Víkur – söguágrip



Mynd 1, horft til suðvesturs heim á hlaðið á Víkum, til hægri er skemman (nr. 3) á bæjarhlaðinu og gamli bærinn fyrir miðri mynd.

Í Húnaþingi segir um Víkur: „Bærinn stendur við botn Víknavíkur, lítinn spöl frá sjó. Þar er nokkurt graslandi heim um sig og heiðarland víðáttumikið. Fjörubeit er góð.“¹

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Víkur er eitt af elztu núverandi ættarbólum sýslunnar, því að sama ættin hefur setið þá jörð, að líkindum samfelld, síðan snemma á 18. öld.“²

Víkur koma fyrst fyrir í rituðum heimildum frá 13. öld í Reka og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá því um 1285.³ Þá kemur jörðin fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 og fleiri máldögum Hólabiskupsdæmis frá 14. og 15. öld.⁴

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 er nafn jarðarinnar ritað Wykur í flt. Jörðin var þá í eigu kirkjunnar í Glaumbæ í Skagafirði og tundaðist presti og fátækum. Samkvæmt jarðabókinni áttu Víkurbændur ekki rétt til upprekstrar. Torfrista og stunga var sögð lítt nýtandi og valla teljandi, en þó notuð árlega. Móskurður til eldiviðar var sagður hafa verið áður en ekki nýttur lengur þótt mór hafi enn verið talinn til staðar. Lyng- og hrísrif til eldiviðar var sagt bjarglegt. Þá var sögð silungsveiðivon í Geitakallsvötnum um vetur og hafi þar verið veitt árlega og oft komið að góðu gagni. Selveiðivon var sögð í meðallagi, hún var einnig nýtt árlega og oft með góðum árangri. Rekavon var sögð góð fyrir heimalandi.

¹ *Húnaþing II*, bls. 81.

² Páll Kolka (1950), bls. 15.

³ Íslenskt Fornbréfasafn II, bls. 248-250.

⁴ Íslenskt Fornbréfasafn II, bls. 465; Íslenskt Fornbréfasafn III, bls. 176; Íslenskt Fornbréfasafn V, bls. 327.

Leiguliðinn hafði rétt á takmörkuðum reka samkvæmt lögum en ekki er tilgreint hve mikið. Staðarhaldarinn eða jörðin átti afganginn til móts við Mánavík og Ásbúðir, en rekafjaran fyrir þessum þrem jörðum var óskipt og deildist rekinn niður á jarðirnar eftir hundraðafjölda þeirra óháð því fyrir hverri þeirra hann bar að landi. Hrognkelsafjara var sögð í betra lagi og brúkast árlega. Túninu stóð hætt af landbroti við sjóinn og læk sem bar sand á völin til skaða og sandburðurinn sagður aukast árlega. Engar engjar tilheyrðu jörðinni. Kvíkfjé var að sögn hætt fyrir foræðum og dýjum og oft mein af því. Heimræði var sagt frá jörðinni og lending góð og skip svo mörg sem heimabóndinn gat við komið þótt sjaldnast væru þau fleiri en eitt.⁵

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Víkur	1686 ⁶	Glaumbæjarkirkja	80 hdr.	4 hdr.	
Víkur	1696 ⁷	Glaumbæjarkirkja	16. hdr.	80 al.	2
Víkur (Wykur)	1708 ⁸	Glaumbæjarkirkja	16 hdr.		
Víkur	1847 ⁹	Glaumbæjarkirkja	16 hdr.	100 al.	2
Sér álit hreppstj.	1847 ¹⁰	Glaumbæjarkirkja			1
Víkur	1861 ¹¹		16,3 hdr.		

Hjáleigur, kotbýli og sel

Tunguhús

Í jarðabókinni frá 1708 er Tunguhús sögð eyðihjáleiga í heimatúninu byggð fyrir vel þrjátíu árum. Samkvæmt jarðabókinni var hjáleigan aðeins í byggð í eitt ár og var hvorki í byggð fyrr né síðar. „Fylgdi þessari hjáleigu ekkert gras, og ætla menn, að húsmaðurinn hafi goldið eftir kotið tuttugu álna virði.“ Að lokum er því bætt við að kotið megi ekki byggja aftur nema heimajörðinni til meins og skaða.¹²

Víknahjáleiga og Grund

Sögusagnir eru um tvær hjáleigur auk Tunguhúsa í landi Víkna, Víknahjáleigu og Grund. Víknahjáleiga á að hafa staðið á niðurtúni og hin hjáleigan sem talin er hafa heitið Grund er ýmist sögð hafa staðið þar líka eða á upptúni, hvort tveggja er norðan og norðaustan við gamla bæjarstaðið á Víkum. En Niðurtún og Upptún sitthvorum megin gamla þjóðvegarins sem lá í gegnum túnið og um hlaðið á Víkum, Niðurtún norðan við og Upptún sunnan vegar.¹³ Hvorki Grund né Víknahjáleiga fundust við leit í manntölum í Ketusókn.¹⁴

Björnssel (og Birkivellir)

Í grein Hjördísar Gísladóttur *Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi* segir: „Björnssel var inni í heiði í landi Víkna. Sér þar enn fyrir tóftarbrotum, en ekki mun byggð þar hafa orðið langæ. Hið

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, bls. 479-480.

⁶ Björn Lárússon (1967), bls. 242.

⁷ Björn Lárússon (1967), bls. 242.

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, bls. 479-480.

⁹ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 243.

¹⁰ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 243.

¹¹ *Ný jarðabók*, bls. 90.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, bls. 480.

¹³ Sögusagnir um tvær hjáleigur á Niðurtúni koma fyrir í örnefnaskrá Valgeirs Karlssonar, frá 1984 og upplýsingar um nafnið Grund á hinni hjáleigunni frá Lilju Karlsdóttur (munnleg heimild 1.7.2009).

¹⁴ Leitað var á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is, 26. apríl 2010.

sama má segja um Birkivelli, sem einnig voru í Víknalandi, austanhallt við há Digramúla. Virðist hvorugt þessara kota hafa verið merkilegt.“¹⁵

Ábúðir og Mánavík

Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* kemur fram hjá Sigurjóni Björnssyni að jarðirnar Ásbúðir og Mánavík hafi tilheyrt Víkum fram á þriðja áratug 20. aldar.¹⁶ En þessar jarðir eru sjálfstæðar jarðir í dag en hvorug í byggð og voru sjálfstæðar jarði þegar jarðatal Johnsen var gert árið 1847 og eru því skráðar sem slíkar.¹⁷

Ábúð

Í manntalinu 1703 eru fjórir skráðir til heimilis á Víkum, en frá 1835 til 1855 er íbúafjöldinn á sjö til níu manns og tíu til ellefu frá 1860-1901.¹⁸


¹⁵ Hjördís Gísladóttir 1989, bls. 277; Birkivellir koma ekki fyrir í örnefnaskrár eða öðrum heimildum um jörðina annarsstaðar en í grein Hjördísar og í bók Sigurjóns Björnssonar *Skaginn og Skagaheiðin*, bls. 85. Norðan vert við Digramúla eru hins vegar svonefndir Bæskisvellir/Baskavellir og má vera að hér sé einhver misskilningur á ferð (sjá nánar um Bæskisvelli í fornleifaskrá Tjarnar, Hafna og Kaldrana, Byggðasafn Skagfirðinga 2009/90).

¹⁶ Sigurjón Björnsson (2005), bls. 85.

¹⁷ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 242-243.

¹⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands, www.manntal.is, skoðað 21. apríl 2010.

Fornleifaskrá



Mynd 2, túnakort af Vikum frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni. Á þessu korti eru aðeins númeraðar þær minjar sem koma fram á túnakortinu þótt fleiri minjar hafi verið mældar upp í heimatúninu (sjá yfirlitsmynd í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).

Víkur - 1

Sérheiti: Víkur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Túnið skiptist í Upptún og Niðurtún og Reitur vestan Bæjarlækjar, en bærinn Víkur austan lækjarins.“ (ÖAT: 1). Í annarri örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur ekki lengur á Bæjarhólnum. Rústir sjást enn eftir hann. Skemman er norðanvert við þær. Fjós og hlaða brunnu 1966. Hlaðið hefur verið á milli skemmu og bæjar. Þjóðvegurinn lá um hlaðið og hlaðbrekkuna til 1956.“ (ÖVK 2: 4).



Mynd 3, torf- og grjóthleðsla við útihús á gamla bæjarstæðinu á Vikum.

Lýsing

Þarna stendur gamalt hús í dag klætt með timbri, bárujárni og asbesti. Torf- og grjóthleðsla er upp við norðvesturhlið þessa húss og eru hugsanlega að grunni til frá gamla bænum eða fjósinu.

Aðrar upplýsingar

Gamli bærinn var í notkun rétt fram yfir aldamótin 1900 (munnleg heimild, Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009).

Víkur - 2

Hlutverk: Fjós og hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er fjós merkt inn sambyggt við gamla bæinn.

Lýsing

Þarna stendur gamalt hús í dag klætt með timbri, bárujárni og asbesti. Torf- og grjóthleðsla er upp við norðvesturhlið þessa húss og eru hugsanlega að grunni til frá gamla bænum eða fjósinu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fjós og hlaða brunnu 1966“ (ÖVK 2: 4).

Víkur - 3

Hlutverk: Skemma

Tegund: Hús

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir um Skemmuhól: „[...] svo var nefndur norður og austurhluti Bæjarhólsins, er gamli bærinn stendur á og á suðurhluta hans, en vesturhalli hólsins niður að læknum nefndist Hlaðbrekka.“ (ÖVK 1: 4).

Lýsing

Húsið er uppistandandi, byggt úr torfi og grjóti, veggir eru að hluta illa farnir og þakið að hluta til hrunið.

Aðrar upplýsingar

Skamman var upphaflega frá Mánavík en land jarðanna var lengi óskipt (munnleg heimild, Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009).



Mynd 4, skemman vestan til á gamla bæjarhólnum á Víkum.

Víkur - 4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti er heimreiðin sýnd liggja norðvestan við hesthús nr. 7 og þaðan skáhalt til norðausturs yfir ána og yfir bæjarhlaðið og áfram útúr túninu að norðaustan. Í örnefnaskrá Víkna segir: „Hlaðið hefur verið á milli skemmu og bæjar. Þjóðvegurinn lá um hlaðið og hlaðbrekkuna til 1956.“ (ÖVK 2: 4).

Lýsing

Enn sér örlítið móta fyrir lægð í túninu þar sem heimreiðin/þjóðvegurinn lá í gegn.

Aðrar upplýsingar

Valgeir Karlsson vísaði á staðsetningu hliðsins sem var á veginum við túnjaðarinn að norðaustan og passaði það fullkomlega við túnakortið þegar það var lagt yfir loftmynd.



Mynd 5, horft til norðurs yfir túngarðsleifar nyrst í túninu á Víkum.

Víkur - 5

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Utan (norðaustan) við túnið er Skarðið [...] Rétt vestan Skarðsins stendur enn hluti vallargarðsins gamla, en Skarðið fyllt upp að nokkru, og er nú tún vestan garðsins [...]“ (ÖVK 1: 3-4). Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd vírgirðing umhverfis heimatúnið á Víkum. Túngarðurinn passar ekki fullkomlega girðingunni eins og hún er á túnakortinu.

Hættumat

Norðurhluti garðsins nær fram á sjávarbakka sem brýtur af, og verður garðurinn því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Garðlagið er heillegt á um 50m kafla frá sjávarbakkanum að norðan og til SSA inná túnið. Það er um 100-170sm hátt og um 150sm breitt, algróið grasi og sóleyjum líkt og túnið umhverfis. Ekkert grjót sést í garðinum. Girðing fer yfir norðurhluta hans út við sjóinn og er nokkurt rof í garðinum þar en annars er hann gróinn og heillegur. Ekki var hægt að greina hrygg í túninu áfram í sömu stefnu til SSA, e.t.v. mætti þó sjá móta fyrir honum lengra í þá átt þegar túnið er ný slegið.

Víkur – 6

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjarhús


Tegund: Dældir

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt útihús á sömu slóðum og núverandi íbúðarhús, það var fjarhús sem kallað var Lambhús og stóð á Lambhúshóli (sbr. ÖVK 1: 5, ÖVK 2: 4; ÖAT: 1).

Lýsing

Tvær samsíða dældir sjást í garðinum norðan við íbúðarhúsið. Lægðirnar er um 10sm djúpar með ávalar brúnir, og liggja NV-SA um 7x1,5m á kant hvor um sig og um 1m á milli þeirra. Líklega leifar króa og garði á milli að öðru leyti sér ekkert eftir af þessum húsum.



Aðrar upplýsingar

Talið er að fornbylið Tunguhús kunni að hafa staðið á þessum sama stað sjá (nr. 46).



Mynd 6, horft til suðvesturs yfir ós bæjarlækjarins á Víkum, nær til vinstri er hesthús (nr. 7) sem stóð þar sem nú stendur bárujárnsklædd vélaskemma, handan við hana eru fjárhús (nr. 8) sem eyðilögðust vegna landbrots og eru nú með öllu horfin.

Víkur - 7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Hesthús var áður þar sem skemma stendur í dag vestan út við sjó vestan við bæjarlækinn.

Lýsing

Þarna stendur skemma í dag og sér ekkert eftir af gamla hesthúsinu.

Víkur - 8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjárhús stóðu suðvestan við hesthúsið (nr. 7). Það hús stóð fram til 1964 en eyðilagðist vegna landbrots og er nú horfið.

Lýsing

Vegslóði liggur til suðvesturs meðfram sjávarbakkanum og náði húsið samkvæmt Valgeiri Karlssyni að veginum eða örlítið inná hann (munnleg heimild, 1.7.2009).

Aðrar upplýsingar

Þetta voru fjárhús yfir 30 kindur (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 1.7.2009).

Víkur – 9

Hlutverk: Óþekkt/fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt útihús austur af gamla bænum við jaðar ræktaða hluta túnsins.

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Ábúendur á Víkum muna ekki eftir tóftum á þessum stað en höfðu heyrt um hús á þessum slóðum sem kallað var Grund og þar áttu að hafa komið upp öskuhólar við sléttun á túninu (munnleg heimild Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009).



Mynd 7, skemman fyrir miðri mynd stendur á sama stað og hesthús (nr. 7) stóð áður suðvestan við skemmuna nær okkur á myndinni stóðu fjárhús (nr. 8). Horft er til norðausturs, bak við skemmuna sér í útihús á gamla bæjarstæði Víkna og íbúðarhúsið á Lambhúshóli til hægri á myndinni.

Víkur – 10

Sérheiti: Löngukvíar

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Samkvæmt ábúendum Víkna voru kvíar vestan við bæjarlækinn suðvestur af núverandi íbúðarhúsi. Þær nefndust Löngukvíar og sjást leifar þeirra enn (munnleg heimild, Lilja Karlsdóttir og Valgeir Karlsson, 1.7.2009).

Hættumat

Minjarnar hafa að hluta til lent undir vegi og verða því að teljast í hættu vegna vegagerðar.

Lýsing

Um 14m langt garðlag sést í vegkantinum suðvestan við íbúðarhúsið á Víkum, norðan við beygjuna á afleggjaranum til norðausturs yfir bæjarlækinn. Garðlagið er á bilinu 30-50sm hátt og um 80sm breitt og liggur norðvestur-suðaustur. Það er algróið grasi, en þó sér í stöku stein. Kvíarnar eru að hluta farnar undir veginn og ekki hægt að átta sig nánar á útlit þeirra eða umfangi.

Aðrar upplýsingar

Kvíar voru á fleiri stöðum í heimatúninu á Víkum (sjá nr. 69 og 70).

Víkur – 11

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Valgeiri Karlssyni var matjurtagarður skammt suðvestur af núverandi afleggjara heim að Víkum, um 60m SSA af bæ (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 01.06.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og sáust engin merki um þennan matjurtagarð á vettvangi í júní 2009.

Víkur – 12

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Valgeiri Karlssyni voru beðasléttur í túninu um 90m suðvestur af bæ á Víkum (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 01.06.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og engin merki um beðasléttur sáust á vettvangi í júní 2009.

Aðrar upplýsingar

Slétturnar voru a.m.k. þrjár og lágu samsíða NV-SA (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 01.06.2009).

Víkur – 13

Sérheiti: Garðar

Hlutverk: Óþekkt/fiskigarðar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er sagt frá grasbletti vestan við ós bæjarlækjarins sem hét garðar og sögn um garðbrot eru þar auk leifa af hjöllum (ÖVK 1: 3).

Lýsing

Engin garðlög eru sýnilega á þessum slóðum en staur stendur enn í fjörunni þar sem hjallur á að hafa staðið síðast vestan við ós bæjarlækjarins (sjá mynd hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Heitir þar Garðar og á nafnið við stærra svæði en gróið er nú, og er mér sagt, að sést hafi garðbrot, þar sem nú er fjara. Hjallstaurar gamlir standa enn í grasbletti þessum, og er einn þeirra með vissu töluvert yfir aldargamall.“ (ÖVK 1: 3). Í annarri skrá segir: „E.t.v. hafa verið fiskreitir, þar sem heita Garðar, en það er óvíst.“ (ÖVK 2: 3).



Mynd 8, horft til norðausturs yfir hjallastaur á svonefndum Görðum, vestan ósa bæjarlækjarins á Víkum.

Víkur – 14

Hlutverk: Hjallar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er sagt frá grasbletti vestan við ós bæjarlækjarins sem hét Garðar og sögn um garðbrot eru þar auk leifa af hjöllum (ÖVK 1: 3).

Hættumat

Það sem eftir er af hjallinum, einn staur, er í hættu vegna sjávangangs.

Lýsing

Grasbletturinn er nú að mestu horfinn undir grjót sem sjórinn hefur borið á land og það eina sem eftir stendur af hjallinum er einn staur í fjörunni (sjá mynd hér að ofan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Heitir þar Garðar og á nafnið við stærra svæði en gróið er nú, og er mér sagt, að sést hafi garðbrot, þar sem nú er fjara. Hjallstaurar gamlir standa enn í grasbletti þessum, og er einn þeirra með vissu töluvert gamall.“ (ÖVK 1: 3).

Víkur – 15

Hlutverk: Vör/lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er sagt frá tveimur steinum vestan við ós bæjarlækjarins á Víkum sem heita Vararkobbar og bendir örnefnið til að þar hafi verið vör eða lending (sbr. ÖVK 2: 3).

Lýsing

Ekkert sér eftir af meintri lendingu enda hefur landslagið tekið örum breytingum á þessum stað vegna landbrots af völdum sjávangangs. Þarna er nú svolítill malarfjara og rofabakkar næst læknum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nafnið Vararkobbar bendir til þess, að þarna hafi verið sérstök vör, en menn eru í vafa um það; aldrei hefur verið lent þar í seinni tíð. Land hefur breytt mjög við sjóinn vegna ágangs hans, og er því möguleiki á, að einhvern tíma hafi verið lent þar.“ (ÖVK 2: 3). Í jarðabók frá árinu 1708 er heimræði sagt vera frá Víkum og lending góð, ekki er tilgreint hvar sú lending hafi verið (JÁM VIII: 480).

Víkur – 16

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Víkna kemur fram að bátar hafi um tíma verið færðir upp austan við ós bæjarlækjarins á Víkum (sbr. ÖVK 2: 3), engin sýnileg ummerki eru þó til vitnis um það.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Faðir Valgeirs segist muna eftir, að bátar hafi verið færðir upp austan við lækinn, þar sem útilokað er nú að setja upp báta. Nú er lent í miðri Víkinni [...]“. (ÖVK 2: 3).

Víkur – 17

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Valgeiri Karlssyni voru beðasléttur í túninu um 100m NNA af bæ á Víkum (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 01.06.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og engin merki um beðasléttur sáust á vettvangi í júní 2009.

Aðrar upplýsingar

Slétturnar voru a.m.k. þrjár og lágu samsíða NV-SA (munnleg heimild, Valgeir Karlsson, 01.06.2009).

Víkur – 18

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft og grjóthleðsla eru í svolitlum bala norðaustur af túninu á Víkum, um 200m NA af bæ.

Lýsing

Einföld tóft með um 10sm háa vegg úr torfi og grjóti að því er virðist, opin til suðvesturs. Tóftin er algróin og stendur á um 40sm háum grónum flötum bakka eða einskonar hólma.



Víkur – 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Tóft og grjóthleðsla eru á svolitlum bala norðaustur af túninu á Víkum, um 200m NA af bæ.

Lýsing

Hleðslan eða grjótlögnin er um 5m löng og mest um 2m breið, óregluleg og gróin að hluta og hvergi mikið meira en 10sm hærri en umhverfið.

Víkur – 20

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan túns rúma 100m austan við íbúðarhúsið á Víkum eru tóftir.

Lýsing

Svo virðist sem yngri tóft hafi verið byggð ofan í aðra eldri. Neðri tóftin (sú eldri) er aflöng frá NA til SV að því er virðist með dyrum eða hliði út syðst á suðausturvegg. Veggir eru á bilinu 10-30sm háir og algrónir grasi. Ofan á miðri tóftinni er lítil, næsta ferhyrnd tóft (nr. 21).



Víkur – 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan túns rúma 100m austan við íbúðarhúsið á Víkum eru tvær tóftir og er önnur þeirra (nr. 21) byggð ofan í hina (nr. 20).

Lýsing

Tóftin í miðjunni stendur um 50sm hærra en botn stærri tóftarinnar sem er undir. Veggir eru um 20sm háir og grasi grónir. Engar dyr eru greinanlegar á þessari tóft.

Víkur – 22

Hlutverk: Matjurtagarður



Tegund: Garðlög

Staðhættir

Gamlir matjurtagarðar eru út við sjó norðan vegarins sem liggur meðfram ströndinni til vesturs frá bæ á Víkum, um 700m VSV af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Garðlöggin eru sunnan í svolitlum bakka sem hallar til suðausturs. Garðarnir skiptast í fimm hólf og eru alls um 35x13m að utanmáli. Veggir eru á bilinu 10-20sm háir og á bilinu 40-100sm breiðir.



Víkur – 23

Hlutverk: Fjárhús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er fremst á sjávarbakkanum um 50m vestur af ósi Geitakarlsár og Stekkjarlækjar, rúman kílómetra VSV af bæ á Víkum.

Hættumat

Tóftin stendur ysta á sjávarbakka sem brýtur af og er því í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er illa farin og full af rekavið, innra fyrirkomuleg er því ögn óljóst. Hún virðist þó geta verið tvískipt með lítið hólf að norðaustan og stórt að suðvestan með dyr í sömu átt. Veggir eru á bilinu 20-100sm háir og 50-200sm breiðir.

Víkur – 24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Lítill hringlaga tóft er út við sjávarbakka um 140m VSV af ósi Geitakarlsár og Stekkjarlækjar.

Hættumat

Minjarnar eru yst á sjávarbakka sem brýtur af og er því í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er næsta hringlaga með um 10sm háar útbrúnir veggja en botninn stendur heldur lægra og innbrúnir veggja um 20sm. Tóftin er grasi gróin, hugsanlega er hér um kolagröf að ræða.



Víkur – 25

Sérheiti: Árgil

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í grónum hvammi við Geitakarlsá er stekkjartóft (nr. 25).

Lýsing

Tóftin er tvískipt, með hlið á milli hólfa og hlið útúr norðvesturhorni stærra hólfsins til vesturs. Veggir eru grónir grasi, mosa og ljónslöpp á bilinu 30-50sm háir og að hluta hlaupnir í þúfur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í suður og vestur frá Nýjatúni liggja Sandar, er ná frá Bæjarlæk vestur með Stekkjarmýri og upp (suður) að Neðririnda, sem er gamall sjávarrindi [...] Um það [Stekkjargil] rennur Stekkjarlækur, og sameinast hann Geitakarlsá rétt við sjó. Stekkjarmelur lá austan við Stekkjarmýri, náði langleiðina frá Stekkjarmýri austur frá fjárhúsum. Á þessu svæði eru nú tún. Gamlar óljósar rústir voru á Stekkjartanga, einnig í móarönd milli Stekkjarmýrar og –mels, gætu hafa verið stekkir. Allgreinilegar rústir sjást í Stekkjargili, einnig í Árgili; munu hvort tveggja hafa verið stekkir (Árgil rúml. 1 km. frá bæ). [...] Á þurru ávala, rétt við Drápudýjin, sér fyrir gömlum rústum, sem gætu hafa verið stekkur.“ (ÖVK 1: 5-6).



Víkur – 26

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grónum hvammi við Geitakarlsá um 25m neðan (norðan) við glögga stekkjartóft (nr. 25) er óljós hugsanleg tóft (nr. 26).

Lýsing

Meintir tóftaveggir eru óljósir og þýfðir, grónir grasi og mosa. Þeir eru á bilinu 20-40sm háir og liggja þrír samsíða norður-suður og gætu dyr hafa verið til norðurs. Þetta er þó allt fremur óljós og ekki útilokað að um náttúru myndun sé að ræða.



Víkur – 27

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir


Í Stekkjargili eru grónir hvammar og bollar, allstór mógröf er í austanverðu gilinu um 80m neðan (norðan) við þjóðveginn, og nokkrar smærri grafir sjást á fleiri stöðum beggja vegna Stekkjarlækjarins.

Lýsing

Grafirnar eru algrónar mýrargróðri, á bilinu 20-50sm djúpar, alls um 330m².

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir eldri mógröfum [en 19. aldar gröfum í Hrísfloa] sést í Stekkjargili. Mótekja í Víkna landi virðist víða hafa verið reynd, en mór er þar yfirleitt lélegur og fáar stungur. Síðast var mór tekinn frá Víkum í Kárengi í Mánavíkurlandi [...] Komið mun hafa verið fram undir '60, er síðast var tekinn mór í Kárengi.“ (ÖVK 1: 12).



Víkur – 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill kofatóft er uppá melbrún við vestanvert Stekkjargil um 150m neðan (norðan) við þjóðveginn.

Lýsing

Veggir virðast hafa verið grjóthlaðnir en eru nú að mestu grónir, um 10-20sm háir og um 1m breiðir. Dyr hafa verið til vesturs.

Víkur – 29

Hlutverk: Fjárhús/beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Út við sjó um 1600m VSV af bæ á Víkum, út á bakkanum norðan við fjárhúsin (nr. 29) eru leifar a.m.k. tveggja tófta (nr. 30 og 31).

Hættumat

Minjarnar eru um 3m frá sjávar-/ fjörubakka sem brýtur af og eru því í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftir einfaldra garðahúsa með hlöðu eða heytóft. Dyr hafa verið inní hlöðuna að vestan og innangengt inná garðann. Dyr útúr fjárhúsunum virðast hafa verið í norðvesturhorni hússins. Norður hluti garðans sést illa en veggir eru annars nokkuð glöggir 40-60sm háir.



Víkur – 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Út við sjó um 1600m VSV af bæ á Víkum.

Hættumat

Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið nokkuð af þeim.

Lýsing

Það sem eftir stendur af þessari tóft er hálfhringur, opinn til norðurs, veggir um 10sm háir og dæld í miðju. Óvíst er hvernig þetta mannvirki hefur litið út.

Víkur – 31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Út við sjó um 1600m VSV af bæ á Víkum.

Hættumat

Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið nokkuð af þeim.

Lýsing

Það sem eftir stendur af þessari tóft er hálfhringur, opinn til norðurs, veggir um 10sm háir og dæld í miðju. Óvíst er hvernig þetta mannvirki hefur litið út.

Víkur – 32

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Út við sjó um 1600m VSV af bæ á Víkum.

Hættumat

Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið nokkuð af þeim.

Lýsing

Um er að ræða næsta hringlaga lítinn hól eða hávaða um 3m í þvermál og um 20sm háan, brotið hefur af norðurhluta hólsins. Óvíst er hvort um eiginlegt mannvirki sé að ræða, þótt hóllinn sé greinilega tilkominn af mannavöldum.

Víkur – 33

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðvestarlega í landi Víkna er óljós forn garður sem liggur frá suðurenda Urðarbrúnar í norðaustur til sjávar.

Hættumat

Garðurinn gengur út að sjávarbakka sem brýtur af og telst í hættu af þeim sökum, að auki er rof í garðinum og hann í nokkurru hættu vegna uppblásturs.

Lýsing

Garðurinn er hruninn og fallinn út að miklu leyti, hann er um 2-4m breiður og um 30-50sm hár og nær frá brekkufætinum um 190m til norðaustur út að bjargbrún. Garðurinn er að mestu gróinn, grasi og mosa en þó sér í rof á köflum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Standi maður á klettinum rétt vestan við Pokaskarð [...] og horfi til norðurs, má sjá móta fyrir garðhleðslu neðan frá sjó og upp að urðinni neðan klettanna og heyrt hef ég, að til hafi verið máldagi frá 14. öld um Básareka, sem ekki er sérstakt örnefni, heldur nafn á rekaítaki, er náði frá vörslugarði gömlum, eins og sagt er að standi í máldaga þessum, og vestur í Rauðalækjarbás.“ (ÖVK 1: 6-7).



Mynd 9, horft til suðvesturs yfir tvær kynslóðir vega upp Urðarbrún fyrir miðri mynd akvegur frá 20. öld og lengst til hægri ruddur reiðvegur (nr. 34).

Víkur – 34

Sérheiti: Sneiðingur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er getið um hestaveg upp svonefnda Urðarbrún norðan við gamla þjóðveginn norðvestarlega í Víknalandi (sbr. ÖVK 1: 6).

Lýsing

Vegurinn sést enn glögglega, upphlaðinn sneiðingur norðan við akveg sem hefur verið ruddur og hlaðinn skáhalt niður brekkuna. Reiðvegurinn er um 2m breiður og að mestu gróinn en nokkuð hefur hrunið yfir veginn á köflum.

Aðrar upplýsingar

Núverandi þjóðvegur liggur ofan Urðarbrúnar en gamli vegurinn og hestasneiðingurinn eru enn á sínum stað og sjást glögglega. Í örnefnaskrá segir: „Þegar kemur norður á móts við Vatnamýri, sveigir urðarbrúnin til vesturs, og liggur þjóðvegurinn þar upp [næsta kynslóð þjóðvega á undan núverandi vegi]; rétt norðan við hann lá gamall hestavegur upp á urðina, og nefndist þar Sneiðingur.“ (ÖVK 1: 6).

Víkur – 35

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Niðurgreftur og hleðsla

Staðhættir

Vestast undir Urðarbrún um 20m norðan við svonefndan Sneiðing (nr. 34) sem er rudd reiðbraut uppá brúnina, eru tveir niðurgreftir sem kunn að vera hlaðnir að hluta.

Lýsing

Holurnar eru tvær hlið við hlið, hvor um sig um 150sm í þvermál. Grjót sést í holunum og gæti verið hleðslu leifar.



Víkur – 36

Hlutverk: Vörslugarður/nátthagi

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í Vatnatanga sjást rústir og garðbrot, og virðist þar hafa verið nátthagi og kvíar eða stekkur (ca. 2 km frá bæ).“ (ÖVK 1: 6). Tveir tangar ganga þvert yfir vatnið frá norðvestri til suðausturs og er lítið haft á milli þeirra. Garðlag lokar af norðari tanganum.

Lýsing

Torfgarðurinn liggur austur vestur með örlítinn sveig til norðurs. Hann er um 50m langur og nær frá vesturbrún Vatnatanga langleiðina yfir að vatnsborðinu austan tangans en þó ekki alla leið. Garðurinn er um 170sm breiður og á bilinu 50-70sm hár, grasi gróinn og nokkuð heillegur.

Víkur – 37

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í Vatnatanga sjást rústir og garðbrot, og virðist þar hafa verið náthagi og kvíar eða stekkur (ca. 2 km frá bæ).“ (ÖVK 1: 6).

Lýsing

Tóftir eru upp við garðinn (nr. 36) að austan en þær eru heldur óleggri en sjálfur garðurinn. Hugsanlega hefur garðurinn verið stærri og stæðilegri frá upphafi eða honum haldið við lengur en tóftinni. Tvö greinileg hólfi eru í tóftinni sunnan garðs, en hugsanlega hefur það þriðja verið austan þeirra og óljóst veggibrot virðist einnig vera norðan garðsins. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 50-60sm háir, grasi grónir.



Víkur – 38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill stök tóft er austan við Geitkarlsvötn, austur af lítilli vík við mitt stærra vatnið. Um 5m austan við vegslóð og 740m sunnan við þjóðveginn.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið til norðausturs. Veggir eru á bilinu 20-30sm háir, algrónir grasi, mosa og lyngi.

Víkur – 39

Hlutverk: Óþekkt (stekkur/beitarhús)

Tegund: Tóft

Staðhættir


Austanvert við suðurenda Geitakarlsvatna um 2,5km frá bæ á Víkum, eru tóftir nyrst í grónu lækjardragi beggja vegna vegslóðar.

Lýsing

Tóft nr. 39 er austan vegslóðans og liggur nálega norðvestur suðaustur. Hún er tvískipt og er stærra hólfið að vestan með dyr til norðvesturs en minnahólfið virðist hafa verið með dyr til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir, grónir grasi, mosa og lyngi.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er um lítinn fjárhúskofa með hlöðu að ræða eða stekk, þ.e. lítill rétt með lambakró.



Víkur – 40**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Austanvert við suðurenda Geitakarlsvatna eru tóftir nyrst í grónu lækjardragi beggja vegna vegslóða. Tóft nr. 40 er vestan vegslóðans gegnt tóft nr. 39.

Lýsing

Dyr virðast hafa verið á tóftinni til norðvesturs, veggir eru grónir grasi, mosa og lyngi og eru á bilinu 40-50sm háir.

Víkur – 41**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Austanvert við suðurenda Geitakarlsvatna eru tóftir í grónu lækjardragi beggja vegna vegslóða. Um 30m suðvestur af tóftum nr. 39 og 40 er lítil óljós tóft nr. 41.

Lýsing


Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi og eru veggir óljósir á bilinu 10-20sm háir. Dyr virðast vera til vesturs úr tóftinni.

Víkur – 42**Hlutverk:** Óþekkt (heytóft)**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Stök tóft er í um 100m sunnan þjóðvegur og um 1km suðvestur af bæ á Víkum.

Lýsing

Engar greinilegar dyr eru á tóftinni sem liggur næsta norður-suður. Veggir eru um 20-30sm háir, algrónir grasi, mosa og ljónslöpp.

**Víkur – 43****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Nokkrar mjög gamllegar tóftir eru sunnan þjóðvegur um 700m suðvestur af bæ á Víkum. Tóftirnar eru á grónum móabletti undir lágrí melbrún, uppblásnir leirmelar eru allt í kring.

Lýsing


Stærsta og austasta tóftin er að því er virðist fimmskipt, hugsanlega leifar fjárhúsa en tóftirnar virðast þó æði gamlar, veggir eru sokknir og algrónir grasi, mosa og lyngi, hæstir um 40-50sm (sjá teikningu hér að neðan).

Víkur – 44**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Nokkrar mjög gamllegar tóftir eru sunnan þjóðvegur um 700m suðvestur af bæ á Víkum. Tóftirnar eru í á grónum móabletti undir lágrí melbrún, uppblásnir leirmelar eru allt í kring. Tæpa 40m suðvestur af stóru tóftinni (nr. 43)) eru tveir sléttir fletir innan um þýfið með óljósa vegg (nr. 44 og 45).

Lýsing

Tóftin er afar óljós, greinilegur sléttur flötur er í þýfinu, á bilinu 10-50sm lægri en umhverfið, en veggir mjög torgreinilegir og ekki hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræð. (sjá teikningu hér að neðan).



Víkur – 45

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar mjög gamallagar tóftir eru sunnan þjóðvegjar um 700m suðvestur af bæ á Víkum. Tóftirnar eru í á grónum móabletti undir lágru melbrún, uppblásnir leirmelar eru allt í kring. Tæpa 40m suðvestur af stóru tóftinni (nr. 43) eru tveir sléttir fletir innan um þýfið með óljósa veggum (nr. 44 og 45).

Lýsing

Tóftin er afar óljós, greinilegur sléttur flötur er í þýfinu um 10-50sm lægri en umhverfið, en veggir mjög torgreinilegir og ekki hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða.

Víkur – 46

Sérheiti: Tunguhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt ábúendum á Víkum er talið að Tunguhús hafi staðið á sama stað og Lambhúsin (nr. 6) þar sem núverandi íbúðarhús stendur.

Lýsing

Engar tóftir eru sýnilegar á þessum stað á yfirborðinu og stendur íbúðarhús (byggt 1966) á hólnum. Norðvestan við það eru dældir sem líklega eru leifar Lambhúsanna (sjá nánar nr. 6). Þegar grafið var fyrir grunni íbúðarhússins komu upp hleðslur undir leifum fjárhúsanna. Hleðslurnar voru á nokkru dýpi og malarlag lá yfir þeim, líklega spýja úr bæjarlæknum. Hnit voru tekin af loftmynd fyrir miðju íbúðarhúsi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir Valgeir Karlsson: „Heyrt hef ég, að á hól þessum [Lambhúshóli] hafi fyrir löngu staðið hjáleiga, er nefndist Tunguhús [...]“. (ÖVK 1: 5).

Víkur – 47

Sérheiti: Grund

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Ábúendur á Víkum höfðu heyrt talað um hús sem kallað var Grund austur af gamla bæjarstæðinu á Víkum á svipuðum slóðum og útihús (nr. 9) er sýnt á túnakortinu, þ.e. um 70m norðaustur af íbúðarhúsinu. Þar áttu að hafa komið fram öskuhólar við sléttun (munnleg heimild Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Valgeirs er hins vegar talað um Grund norðan gömlu heimreiðarinnar, þar segir: „Suðausturhluti Niðurtúns nefndist Grund, norðan við götu, er lá yfir bæjarhólinn, gegnum hlaðið milli skemmunar og bæjarins og austur gegnum túnið og skildi Grundina og Niðurtúnið frá Upptúni, sem er suður af bæjarhólnum.“ (ÖVK 1: 4). Í samtali við Valgeir og Lilju á Víkum í júlí 2009 kom fram að þau mundu eftir að hafa heyrt talað um hús nefnt Grund, en myndu ekki eftir húsinu né tóftum þess, en tengdu það við útihús (nr. 9) sem sýnt er á túnakortinu, og enn fremur að öskuhólar hefðu komið upp á þeim slóðum við sléttun (munnleg heimild Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009). Þessi staður er hins vegar sunnan heimreiðarinnar á svonefndu Upptúni. Það stemmir ágætlega við eldri örnefnaskrá Víkna þar sem segir: „Í upptúni er Kvíatunga og Þríhyrna, Ytra- og Syðra-Kvíaból, Lambhúshóll, en útjaðar túnsins heitir Grund.“ (ÖAT: 1). Örnefnið Grund virðist því notað yfir svæðið beggja megin gömlu heimreiðarinnar þar sem hún fer útúr túninu norðaustan bæjarhólsins á Víkum.

Víkur – 48

Sérheiti: Grund

Hlutverk: Öskuhólar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Ábúendur á Víkum höfðu heyrt talað um hús sem kallað var Grund austur af gamla bæjarstæðinu á Víkum á svipuðum slóðum og útihús (nr. 9) er sýnt á túnakortinu, þar áttu að hafa komið fram öskuhólar við sléttun (munnleg heimild Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, 1.7.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún.

Víkur – 49

Sérheiti: Víknahjáleiga

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir Valgeir Karlsson: „Heyrt hef ég, að á hól þessum [Lambhúshóli] hafi fyrir löngu staðið hjáleiga, er nefndist Tunguhús, og í Niðurtúni hafi verið 2 hjáleigur, önnur nefnd Víknahjáleiga, en nafn hef ég ekki á hinni, og nákvæma staðsetningu hef ég á hvorugri.“ (ÖVK 1: 5). Valgeir telur þó líklegt að Víknahjáleiga hafi staðið í túninu norðaustur af gamla bæjarstæðinu (munnleg heimild Valgeir Karlsson, 1.7.2009).

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún, hnit voru tekin eftir tilsögn og tilgátu Valgeirs Karlssonar.

Víkur – 50

Sérheiti: Hríslói

Hlutverk: Náma/Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Glöggar mógrafir eru í svonefndum Hríslóa í brekkubrún um 200m suðaustur af þjóðveginum þar sem hann fer yfir Stekkjargil.

Lýsing

Gröfin er um 900m² að stærð og sést vel af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Mógrafir hafa verið í Hríslóa, og mun þar hafa verið tekinn mór á síðari hluta 19. aldar [...] Mótekja í Víkalandi virðist víða hafa verið reynd, en mór er þar yfirleitt lélegur og fáar stungur. Síðast var mór tekinn frá Víkum í Kárengi í Mánavíkurlandi [...] Komið mun hafa verið fram undir '60, er síðast var tekinn mór í Kárengi.“ (ÖVK 1: 12).

Víkur – 51

Sérheiti: Torfbrekka

Hlutverk: Torftökustaður/náma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Austast í Hríslóa

Lýsing

Ummerki um hugsanlega torftöku eru í brekkunni um 160m suður af þjóðveginum, um 960m suðvestur af bæ á Víkum, það var þó fremur ógreinilegt í júlí 2009.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðvestur af Miðdegisvörðu er Torfbrekka, en hún er stórbýfð valllendisbrekka á austurenda Hríslóabruna [...]. Torfbrekka er nær beint suður af núverandi fjárhúsum og mótum Neðririnda og Fjárrinda.“ (ÖVK 1: 12). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1708 er torfrista sögð lítt nýtandi og varla teljandi en þó notuð árlega (JÁM VIII: 480).

Víkur – 52

Sérheiti: Miðdegisbolli

Hlutverk: Náma/Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Glöggar mógrafir eru í svonefndum Miðdegisbolla, norðan við vesturenda aflangs vatns tæpan 1km suður af bæ á Víkum.

Lýsing

Grafirnar eru í kringum 0,5-1m djúpar, margar saman á bilinu 2-3x4-7m að ummáli, alls um 200m².

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þar suðaustur af [Miðdegisvörðu] er smá mýrabolli, Miðdegisbolli. Hann er fáir tugir metra í þvermál, en þó sézt þar fyrir nokkrum mógröfum.“ (ÖVK 1: 12).

Víkur – 53

Sérheiti: Torfflóí

Hlutverk: Torftökustaður/torfrista

Tegund: Heimild

Staðhættir

Torfflóí heitir næsti flóí suður af Hrísflóa, um 1,3km SSV af bæ á Víkum.

Lýsing

Engin ummerki um torftöku fundust á þessum slóðum 2009.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðan Selhæða liggur Torfflóí í 100-200 m breiðri lægð, er nær norður í Háamelsbrekkur austast [...]“ (ÖVK 1: 10). Í annarri skrá segir: „Valgeir [Karlsson] veit ekki til þess, að torf hafi verið rist í Torfflóa. Torfrista var hvergi nothæf í landareigninni.“ (ÖVK 2: 6). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1708 er torfrista sögð lítt nýtandi og varla teljandi en þó notuð árlega (JÁM VIII: 480).

Víkur – 54

Sérheiti: Dýjasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 3,5m suðvestur af bæ á Víkum, austan við svonefnda Dýjaselstjörn eru tóftir Dýjasels, vestan undir grónum brekkustalli.

Lýsing

Tóftin er að því er virðist fjórskipt, nyrst er lítið hólf opið til norðvesturs og suður af því tvö stærri hólf sem virðast geta verið með sameiginlegan inngang, syðst er svo lítið hólf sem engar dyr eru greinilegar á. Veggir eru grónir grasi og mosa á bilinu 80-110sm háir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í brekkunni austan Dýjaselsflóa er Dýjasel.“ (ÖVK 1: 9).



Víkur – 55

Hlutverk: Óþekkt (rétt/beitarhús?)


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m austan við mitt Þristikluvatn og um 100m norðan Þorgeirslækjar sem rennur til norðvesturs í vatnið, er stök tóft upp á lítt grónum og blásnum mel.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og ekkert torf sýnilegt, það kann þó að hafa blásið burt en töluvert jarðvegsrof er á svæðinu. Tóftin hefur verið tvískipt og innangengt á milli helminga og að því er virðist útúr þeim hólfum báðum til norðvestur. Það sem eftir stendur af veggjunum er 30-40sm háar grjóthleðslur, að hluta til grónar lyngi.



Víkur – 56

Sérheiti: Víknasel

Hlutverk: Óþekkt/Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 4,3km SSV af Víkum og um 1200m norður af Þorgeirsvatni er Víknasel, skammt norður af lítilli tjörn.

Lýsing

Meint seltóft er nyrsta tóftin af fimm sem sáust á vettvangi sumarið 2009. Sú tóft er tví eða þrískipt og snýr nálega norðvestur-suðaustur (ath! kortinu hér til hliðar hefur verið snúið og er upp í norðvestur, sjá norðurör). Stórt hólfi (hugsanlega tvískipt) er að vestan og annað minna austan við. Dyr hafa verið inni stærra hólfið hafa verið fyrir miðjum suðvesturvegg en á suðausturvegg á hinu hólfinu. Veggir eru þýfðir og algrónir grasi og mosa, á bilinu 30-60sm háir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Norðvestur af Háurð, í brekkunni skammt norður af tjörn þessari, er Víknasel og Víknaselsbrekkur þar norður af.“ (ÖVK 1: 9). Í annarri örnefnaskrá segir: „Allvel sér fyrir rústum í Víknaseli. Ekki veit Valgeir, hvenær síðast var haft í seli, þar, en veit, að Anna Tómasdóttir, amma hans (f. 1878) sat yfir í Skagaheiðinni, frá Ásbúðum.“ (ÖVK 2: 6).

Víkur – 57

Sérheiti: Víknasel

Hlutverk: Óþekkt/rétt/stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 4,3km SSV af Víkum og um 1200m norður af Þorgeirsvatni er Víknasel, skammt norður af lítilli tjörn. Rúma 20m suðaustur af tóft nr. 56 er önnur tóft nr. 57.

Lýsing

Tóft nr. 57 er gleggri en nr. 56 og gæti verið yngri. Hún er tvískipt og um 6m langt garðlag gengur út frá henni til suðvesturs (ath! korti hér til hliðar hefur verið snúið, sjá norðurör). Tóftin sjálf er tvískipt og hafa dyr verið við enda garðsins til suðausturs og innangengt á milli hólfa. Veggir eru á bilinu 30-80sm háir og um 80sm breiðir, grónir grasi og mosa. Hugsanlega er hér um rétt eða stekk að ræða með aðrekstrar garði.



Víkur – 58

Sérheiti: Víknasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 4,3km SSV af Víkum og um 1200m norður af Þorgeirsvatni er Víknasel, skammt norður af lítilli tjörn. Rúma 20m suðaustur af tóft nr. 57 er lítil og einföld tóft (nr. 58).

Lýsing

Veggir tóftarinnar eru á bilinu 30-50sm háir, algrónir grasi og mosa. Tóftin er byggð upp við brekkurætur og eru útbrúnir veggja óljósar uppí brekkunni til norðausturs.

Víkur – 59

Sérheiti: Víknasel

Hlutverk: Óþekkt (fjárhúskofi)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 4,3km SSV af Víkum og um 1200m norður af Þorgeirsvatni er Víknasel, skammt norður af lítilli tjörn. Um 35m SSV af tóft nr. 58 er önnur skýrari og heldur stærri tóft nr. 59.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur, með dyr fyrir miðjum vesturvegg. Veggir eru sokknir og með ávalar brúnir, um 40-50sm háir. Óljós hryggur er eftir gólfinu endilöngu frá austri til vesturs, hugsanlega fallið þak en gæti einnig verið leifar garða.



Mynd 10, horft til suðvesturs yfir tóft (nr. 59) á Víknaseli.

Víkur – 60

Sérheiti: Víknasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 4,3km SSV af Víkum og um 1200m norður af Þorgeirsvatni er Víknasel, skammt norður af lítilli tjörn. Tæpa 50m suðaustur af tóft nr. 59 er óljós lítil tóft.

Lýsing

Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi, allt að 3m breiðir og á bilinu 30-70sm háir. Dyr virðast hafa verið til suðurs.

Víkur – 61

Sérheiti: Björnssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tóftir Björnssels eru skammt austan Þorgeirslækjar um 500m norður af Þorgeirsvatni, um 5km SSV af bæ á Víkum. Nyrst er lítil einföld tóft (nr. 61) rúmlega 10m sunnar er tvískipt tóft, hugsanlega seltóft (nr. 62) og önnur hugsanleg seltóft sem virðist eldri er rúmlega 10m suðaustur af henni (nr. 63).

Lýsing

Tóftin er einföld með dyr til suðvesturs. Veggir eru lyngi grónir á bilinu 50-80sm háir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Nokkuð norður af því [Þorgeirsvatni], austan Þorgeirslækjar, er Björnssel undir lágri urðarbrún, sem er þó á köflum votlend, svo að mega forardýki kallast sumstaðar. Heitir þar Björnsselsenni, og er vestan undir Háurð í Mánavíkurlandi [...]“ (ÖVK 1: 9). Í annarri skrá segir: „Aðeins sést fyrir Björnsseli. Ekki veit Valgeir við hvaða Björn selið hefur verið kennt, en selið hefur trúlega verið frá Víkum.“ (ÖVK 2: 5-6). Í grein Hjördísar Gísladóttur *Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi* segir: „Björnssel var inni í heiði í landi Víkna. Sér þar enn fyrir tóftarbrotum, en ekki mun byggð þar hafa orðið langæ.“ (HG: 277).



Víkur – 62

Sérheiti: Björnssel

Hlutverk: Óþekkt/sel/híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir Björnssels eru skammt austan Þorgeirslækjar um 500m norður af Þorgeirsvatni, um 5km SSV af bæ á Víkum.

Lýsing

Tóftin í miðjunni er tvískipt, lítið hólf að norðan með dyr til suðvesturs og stærra hólfið að sunnan með dyr í sömu átt. Veggir eru beinir og reglulegir á bilinu 60-80sm háir, að hluta til grónir lyngi líkt og umhverfið. Þessi tóft virðist yngri en hinar tvær.

Aðrar upplýsingar

Í grein Hjördísar Gísladóttur *Páttur um eyðibýli í Húnaþingi* kemur fram að búið hafi verið um skeið á Björnsseli (sbr. HG: 277).

Víkur – 63

Sérheiti: Björnssel

Hlutverk: Óþekkt/sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir Björnssels eru skammt austan Þorgeirslækjar um 500m norður af Þorgeirsvatni, um 5km SSV af bæ á Víkum.

Lýsing

Syðsta tóftin er tví- eða þrískipt. Vestast er stórt hól sem kann að hafa verið tvískipt.

Dyr eru útúr því til vesturs. Austan við það er lítið hól með dyr til suðvesturs. Veggir



Mynd 11, horft til suðvesturs yfir tóftir (nr. 63) á Björnsseli.

eru á bilinu 40-70sm háir og er tóftin byggð upp við brekkurætur að norðaustan. Veggirnir eru algrónir mosa og lyngi líkt og umhverfið og virðist tóftin eldri en tóft nr. 62.

Víkur – 64

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 400m vestur af syðrihluta Tangavatnstjarnar er lítil tóft suðvestan í grónu melholti, um 350m norðan Þrándarlækjar sem rennur þvert í gegnum Víknaland.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er byggð upp við jarðfastan stein í norðurhorninu. Dyr hafa verið til suðvesturs. Veggirnir eru á bilinu 20-60sm háir, þeir eru rofnir á köflum og sér í grjóti á nokkrum stöðum.



Víkur – 65

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/þúst

Staðhættir

Í Flóanum um 450m vestur af töngunum sem skipta Tangavatnstjörn hér um bil í tvennt, virðast vera tvær litlar tóftir á svolitlum þýfuðum hávaða, um 350m norðan Þrándarlækjar.

Lýsing



Norðari tóftin er lítil og einföld með dyr til suðvesturs. Veggir eru grónir grasi og mosa á bilinu 40-60sm háir (sjá mynd hér að neðan).

Víkur – 66**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft/þúst**Staðhættir**

Í Flóaanum um 450m vestur af töngunum sem skipta Tangavatnstjörn hér um bil í tvennt, virðast vera tvær litlar tóftir á svolitlum þýfuðum hávaða, um 350m norðan Þrándarlækjar.

Lýsing

Syðri tóftin eða þústin er öll óljósari en virðist þó manngerð og gætu dyr hafa verið til norðausturs. Þústin er 50-60sm há, gróin grasi mosa og lyngi og stendur örlítið hærra en umhverfið en sker sig að öðru leyti lítið úr.

**Víkur – 67****Sérheiti:** Nónskák**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá kemur fram að Nónskák sé „allhár kletthóll, eyktarmark frá Víkum“ (ÖVK 1: 7).

Lýsing

Ekki var farið á Nónskák sumarið 2009 en hnitpunktur var tekinn af loftmynd samkvæmt tilsögn

Aðrar upplýsingar

Í annarri örnefnaskrá segir: „Nónskák er kletthæð, efsti hluti Lágskákar.“ (ÖVK 2: 3).

Víkur – 68**Sérheiti:** Múlavatn**Hlutverk:** Þjóðsagnastaður**Tegund:** Stöðuvatn**Staðhættir**

Þjóðsaga er um öfuguggasilung í Múlavatni og að fiskur úr vatninu hafi orðið flestu heimafólki á Kaldrana að bana (sbr. ÖVK 2: 2).

Lýsing

Múlavatn er á merkjum Kaldrana og Víkna og er aðeins hluti þess í landi Víkna.

Víkur – 69**Sérheiti:** Náttmálalaut**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Náttmálalaug er austan bæjarlækjar nærri sjó (Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir, munnleg heimild, 1.06.2009).

Lýsing

Svolitill slakki er í túninu norða og austan við skemmuna (nr. 3)

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Rétt vestan Skarðsins stendur enn hluti vallargarðsins gamla, en Skarðið fyllt upp að nokkru, og er nú tún vestan garðsins, með sjó, vestur að Náttmálalaut og Skemmuhól [...]“ (ÖVK 1: 4). Í annarri skrá segir: Náttmálalaug er graslaut í bakkanum rétt austan við Bæjarlækinn; hún er eyktarmark frá Víkum.“ (ÖVK 2: 3).

Víkur – 70

Sérheiti: Krosstangi

Hlutverk: Kennimark/minnismerki

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Merki frá sjó að norðan úr Krosstanga. Ástæða nafns þessa er sögð sú, að á árum móðuharðinda, hafi fundizt látinn förumaður á tanganum með skóbót uppi í sér, og var reistur kross á staðnum eftir siðvenju.“ (ÖVK 1: 1). Í annarri örnefnaskrá segir: „Sjórinn hefur gengið mjög á landið á Krosstanga; hann hefur líklega stytzt hátt í 150-200 metra síðustu 100 eða 150 árin.“ (ÖVK 2: 1). Engin ummerki um þennan kross eru sýnileg á vettvangi og hefur tanginn orðið fyrir miklu landbroti undangengnar aldir (sbr. ÖVK 2: 1).

Víkur – 71

Sérheiti: Þorgeirsvatn/Þorgilsvatn og Gegnisvatn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður/sögustaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt örnefnaskrá Víkna áttu tveir sendimenn Kolbeins unga, Þorgeir og Gegnir að hafa gist milli vatna í landi Víkna þegar þeir voru að safna liði fyrir Flóabardaga 1244, og vötnin síðan borið nöfn þeirra Þorgeirs- og Gegnisvatn (sbr. ÖVK 1: 1).

Lýsing

Þorgeirsvatn er að lang stærstum hluta í landi Víkna en að litlum hluta í landi Mánavíkur sem og allt Gegnisvatn, svæðið á milli vatnanna er því að mestu leyti í landi Mánavíkur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Nafnið Þorgeirsvatn held ég réttara en Þorgilsvatn, sem margir nota, en nöfnin á Þorgeirsvatni og Gegnisvatni, sem er skammt austur af hinu, eru sögð dregin af nöfnum sendimanna Kolbeins unga, er hann var að safna liði í Flóabardaga, og hétu þeir Þorgeir og Gegnir og áttu að hafa gist þarna milli vatnanna.“ (ÖVK 1: 1).

Víkur – 72

Sérheiti: Stekkjartangi

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Gamlar óljósar rústir voru á Stekkjartanga, einnig í móarönd milli Stekkjarmýrar og –mels, gætu hafa verið stekkir.“ (ÖVK 1: 5-6).

Lýsing

Leifar gamalla matjurtagarða (kartöflugarða) eru á Stekkjartanga vestanverðum (tanganum milli Geitakarlsáróss og bæjar á Víkum), engar stekkarleifar sáust hins vegar á þeim slóðum sumarið 2009 og má vera að þær séu horfnar í sjó fram.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn Valgeir Karlsson og Lilja Karlsdóttir á Víkum muna ekki eftir stekkjartóftum á þessum stað (munnleg heimild, 1.7.2009).

Víkur – 73

Sérheiti: Stekkjargil

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í suður og vestur frá Nýjatúni liggja Sandar, er ná frá Bæjarlæk vestur með Stekkjarmýri og upp (suður) að Neðririnda, sem er gamall sjávarrindi [...] Um það [Stekkjargil] rennur Stekkjarlækur, og sameinast hann Geitakarlsá rétt við sjó. Stekkjarmelur lá austan við Stekkjarmýri, náði langleiðina frá Stekkjarmýri austur frá fjárhúsum. Á þessu svæði eru nú tún. Gamlar óljósar rústir voru á Stekkjartanga, einnig í móarönd milli Stekkjarmýrar og –mels, gætu hafa verið stekkir. Allgreinilegar rústir sjást í Stekkjargili, einnig í Árgili; munu hvort tveggja hafa verið stekkir (Árgil rúml. 1 km. frá bæ). [...] Á þurrum ávala, rétt við Drápudýjin, sér fyrir gömlum rústum, sem gætu hafa verið stekkur.“ (ÖVK 1: 5-6).

Lýsing

Greinileg stekkjartóft er í Árgili (nr. 25) en engin augljós stekkjartóft fannst hins vegar í Stekkjargili, þar eru hins vegar mógrafir beggja megin lækjar (nr. 27) og hugsanleg kofatóft (nr. 28) á vestur brún melsins við Stekkjargil.

Óstaðsettar og/eða horfnar minjar

Víkur – 74

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Gamla óljósar rústir voru á Stekkjartanga, einnig í móarönd milli Stekkjarmýrar og –mels, gætu hafa verið stekkir.“ (ÖVK 1: 5-6).

Lýsing

Þessi tóft fannst ekki á vettvangi og er horfin samkvæmt heimildamönnum Valgeiri Karlssyni og Lilju Karlsdóttur (munnleg heimild, 1.7.2009).

Víkur – 75

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Á þurru ávala, rétt við Drápudýjin, sér fyrir gömlum rústum, sem gætu hafa verið stekkur.“ (ÖVK 1: 5-6).

Lýsing

Ummerki um stekk fundust ekki á þessum slóðum sumarið 2009 og gætu hafa horfið við túnsléttun.

Víkur – 76

Sérheiti: Tjaldhóll

Hlutverk: Tjaldstaður

Tegund: Heimild (örnefni)

Staðhættir

Heyjað var á engjum í Tjaldhólsfá frá Víkum og talið að þá hafi verið gist í tjöldum á Tjaldhóli (sbr. ÖVK 1: 8).

Lýsing

Skrásetjurum var ekki að fullu ljóst hvaða hóll væri Tjaldhóll og fannst fleiri en einn hóll geta komið til greina en engin ummerki voru sýnileg á þeim

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Tjaldhóll mun svo heita, að hann er eina nærliggjandi þurrlendi til að tjalda á, þegar unnið var að heyskap í Tjaldhólsflá.“ (ÖVK 1: 8).

Víkur – 78

Sérheiti: Ytra-Kvíaból

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í upptúni er Kvíatunga, Þríhyrna, Ytra- og Syðra-Kvíaból. Lambhúshóll er norðvestan við Upptún [...]“ (ÖVK 1: 4).

Lýsing

Ábúendur Víkna muna ekki eftir tóftum kvía í Upptúni, en hafi þar verið tóftir þá sé búið að slétta þær (munnl. heimild. Lilja Karlsdóttir og Valgeir Karlsson, 1.7.2009).

Aðrar upplýsingar

Miðað við þessi örnefni hafa verið a.m.k. tvær kvíar á upptúni, á Ytra- og Syðra-Kvíabóli, en erfitt er að segja til um hvort kvíar kunni að hafa verið á Kvíatungu eða tungan dregið nafn sitt af hinum kvíunum. Lilja minntist á tvær tóftir ofan við túngarðinn og voru þær skráðar á vettvangi (sjá nr. 20 og 21), þar virðist hins vegar ekki um kvíar að ræða.

Víkur – 79

Sérheiti: Syðra-Kvíaból

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Í upptúni er Kvíatunga, Þríhyrna, Ytra- og Syðra-Kvíaból. Lambhúshóll er norðvestan við Upptún [...]“ (ÖVK 1: 4).

Lýsing

Ábúendur Víkna muna ekki eftir tóftum kvía í Upptúni, en hafi þar verið tóftir þá sé búið að slétta þær (munnl. heimild. Lilja Karlsdóttir og Valgeir Karlsson, 1.7.2009).

Aðrar upplýsingar

Miðað við þessi örnefni gætu hafa verið tvær kvíar á upptúni, á Ytra- og Syðra-Kvíabóli, en erfitt er að segja til um hvort kvíar kunni að hafa verið á Kvíatungu eða tungan dregið nafn sitt af hinum kvíunum. Lilja minntist á tvær tóftir ofan við túngarðinn og voru þær skráðar á vettvangi (sjá nr. 20 og 21), þar virðist hins vegar ekki um kvíar að ræða.

Víkur – 80

Sérheiti: Hæðarvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* segir Sigurjón Björnsson: „Hæðarvegur er gömul leið. Varð það kirkjuvegur frá Víkum að Ketu. Frá Víkum var farið rétt neðan við Mánahæðir og stefna tekin á Ketubjörg. Frá Mánahæðum lá leiðin austur og upp á Tíðarvörðufloð, vestan Einbúa, yfir Leggjabrjót, milli Hraunsvatns og Djúpavatns. Þaðan var svo haldið austur yfir Reiðskarð og þaðan norðan Kolluvatns og austur Nesrinda, sem er vestan við Kelduvíkurflóa; þá austan við Stórhól og yfir Nestána rétt vesturundan Efri-Nesi, um Sundarinda, sem liggur í suðaustur frá Bæjarvatni Efra-Ness. Austan við Skjaldbreiðarvatn og niður í gegnum Mallandsskarð. Er þá komið á aðalveg og skammt til Ketukirkju.“ (SB: 165).

Lýsing

Ummerki um þessa leið voru ekki skráð á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 81

Sérheiti: Götunúpur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er getið Götunúp milli Múladals og Vatnaurðar í landi Víkna og bendir til að þar hafi legið götur (sbr. ÖVK 1: 7).

Lýsing

Engar götur voru mældar upp við Götunúp en götur og vegslóð eru bæði norðan og austan nupsins, en óvíst hve gamalt það er. Núverandi þjóðvegur liggur skammt norðan nupsins.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Þegar komið er yfir Digramúla og Múladal og austur á Vatnsurð eftir þjóðvegi, er allmikil hæð til suðurs milli Múladals og Vatnaurðar, er Götunúpur heitir.“ (ÖVK 1: 7).

Víkur – 82

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er sagt frá heybandsvegi frá Víkum að engjum suður við Svínafell í Tjaldhólsflá (sbr. ÖVK 1: 8).

Lýsing

Samkvæmt Valgeiri Karlssyni lá gamli heybandsvegurinn heim að bæ með stefnu frá brúnni sem nú er á bæjarlæknum til suðurs að horni á girðingunni og svo áfram með stefnu til suðurs. Vegurinn eða gatan er alveg horfin undir tún á þessum slóðum og engin merki sáust um götur skammt sunnan þjóðvegarins. Eftir að komið er uppá heiðina sjást hins vegar slitrur víða af götum með svipaða stefnu frá bæ og suður að Tjaldhólaflá og hefur heybandsvegurinn legið um einhverjar þeirra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Gamall heybandsvegur liggur til suðurs austanvert við fellið [Selfell], og var 2 tíma lestangangur talinn fram á milli fella, eða milli Svínafells og Selfells, en þangað var sóttur heyskapur frá Víkum [...]“ (ÖVK 1: 8). Þetta ber að skilja sem svo að tveggja tíma lestangangur hafi verið frá bæ á Víkum að engjunum milli Svínafells og Selfells.

Víkur – 83

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Hrísfloa eru stórgerðir flagmóar, Hrísfloamóar; gamlar fjárgötur liggja vestan þeirra og mynda skil milli þeirra og Vatnamóa, sem liggja að Neðravatni austanverðu.“ (ÖVK 1: 12).

Lýsing

Vegslóð liggur eftir uppblásnum aurnelum austan og sunnan við Geitakarlsá og kann að vera á svipuðum slóðum og gömlu göturnar. Slóðin heldur áfram til suðurs fyrir enda Geitakarlsvatna og eru kindagötur á nokkrum stöðum beggjavegna slóðarinnar.

Víkur – 84

Sérheiti: Illistígur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestur úr Illastígsfloa er Illistígur, þá Selgil.“ (ÖVK 1: 12).

Lýsing

Þessi gata var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 85

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna eru landamerki milli Mánavíkur og Víkna sögð merkt með vörðu á Ennabrún (sbr. ÖVK 1: 1).

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 86

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna eru landamerki milli Mánavíkur og Víkna sögð merkt með vörðu á austurbrún Selhæða (sbr. ÖVK 1: 1).

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 87

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Steinn/áletrun

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna eru suðvesturmerki jarðarinnar, móti Kaldrana, Tjörn og Almenningi, sögð vera í hól vestanvert á Svínafelli. Efst á hólum er þríhyrndur steinn sem stafurinn L hefur verið klappaður í (sbr. ÖVK 1: 1).

Lýsing

Steinsins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í annari örnefnaskrá Víkna er talað um vörðu á þessum stað en ekki minnst á stein með áletrun (ÖVK 2: 1).

Víkur – 88

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Steinn/áletrun

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er talað um annan landamerkjastein með áletrun á merkjum Víkna og Tjarnar við Þrándarlæk.

Lýsing

Steinsins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 89

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Steinn/áletrun

Staðhættir

Í örnefnaskrá Víkna er greint frá landamerkjasteini merktum L í vörðu á Sjónarhóli á merkjum Víkna og Tjarnar (sbr. ÖVK 1: 2).

Lýsing

Steinsins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 90**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Grettistak**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Víkna er greint frá Grettistaki á austurhorni Svínafells (sbr. ÖVK 1: 2).

Lýsing

Steinsins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í annarri örnefnaskrá segir: „Grettistak er býsna stór grágrýtissteinn á klöpp og ofan á honum annar minni sömu gerðar. Efri steinninn er e.t.v. um eða yfir 1m³.“ (ÖVK 2: 1).

Víkur – 91**Sérheiti:** Hádegissteinn**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Neðan í Efribrún, nokkuð vestur af Bæjarfossum, er stór steinn, Hádegissteinn, eyktarmark frá Víkum.“ (ÖVK 1: 12).

Lýsing

Steinsins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 92**Sérheiti:** Miðdegisvarða**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þar vestur af [Hádegissteini], norður af Vestari-Bæjartjörn, er varða á brúninni, Miðdegisvarða.“ (ÖVK 1: 12).

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Víkur – 93**Sérheiti:** Miðmorgunspúfa**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Víkna kemur fram að Miðmorgunspúfa sé eyktarmark frá Víkum í landi Mánavíkur. (sbr. ÖVK 1: 5).

Lýsing

Þúfunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. 18 jarðir (miðað við Johnsen 1847) voru valdar til skráningar árið 2009, það voru jarðirnar Víkur, Krókssel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir/Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland/Hafsvellir, Efri-Harastaðir/Neðri-Harastaðir/ Harastaðakot, Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey, Syðri-Ey/Eyjarkot, Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá í Norðurárdal.

Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast við heimaland Víkna en Mánavík sem áður tilheyrði jörðinni ásamt Ásbúðum verða skráðar í næsta áfanga sumarið 2010.

Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 94 minjar á Víkum og þar af voru 26 sem reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni eða voru ekki skráðar að sinni m.a. var ekki gengið á allar vörður sem heimildir voru um. Af þeim 68 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 51 sýnilegar á yfirborði en 17 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Þar sem svo ber undir er staðsetning gefin upp í hnitatöflum en tegund minja er skráð sem heimild og má gera ráð fyrir allt að 20-50m skekkju.

Jörð	Fjöldi fornleifa*	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Víkur	94	17	26	46%

*Hér er átt við minjar sem skráðar voru upp úr heimildum og sem fundust á vettvangi.

Minjar í landi Víkna

Sýnilegar minjar í landi Víkna eru mest búsetu minjar frá 19. og 20. öld nærri bæ, leifar útihúsa, túngarðs, matjurtagarða og stekkja. En fjær bæ eru einnig leifar eldri minja, s.s. garðlags sem talið er frá 14. öld út við sjó vestast í landareigninni, og fornar minjar undir Hrísfloabrún suðvestur af bæ. Auk minja um seljabúskap á Skagaheiði suður og suðvestur af bæ. Litið er um heillegar sjóminjar þrátt fyrir alda langa sögu útræðis á jörðinni, en landbrot hefur verið nokkuð við ströndina í gegnum aldirnar og umtalsvert á umliðnum áratugum.

Í heimatúninu eru heillegar leifar skemmu (nr. 3) á gamla bæjarhlaðinu, þakið er að hluta fallið en húsið að öðru leyti standandi, aðrar minjar eru í verra ásigkomulagi. Útihús standa á gamla bæjarhólum (nr. 1) og núverandi íbúðarhús stendur á svokölluðum Lambhúshóli og eru leifar fjárhúsa (nr. 6) sýnilegar sem dældir í garðinum norðan þess. Þar stóðu áður hús sem nefnd voru Tunguhús (nr. 46) og búið var í. Hesthús (nr. 7) stóð þar sem nú er skemma niður við sjó vestan bæjarlækjarins og fjárhús (nr. 8) vestur af því sem eyðilögðust vegna landbrots. Önnur útihús voru norðaustur af núverandi íbúðarhúsi (nr. 9), þar sem nú er slétt tún. Norðaustur af gamla bæjarhólum er talið að býlið Víknahjáleiga (nr. 49) hafi staðið og annað smábýli, Grund (nr. 47-48) sunnar og ofar í túninu á svipuðum slóðum og úthúsin (nr. 9). Hvort tveggja með öllu horfið vegna sléttunar. Enn er eftir hluti gamla túngarðsins (nr. 5) norðaustarlega í gamla túninu frá sjó og nokkuð inná túnið til suðurs. Utan túnsins eru óljósar minjar í litlum bolla norðaustur af bæ (nr. 14-19) og óljóst sér móta fyrir dæld í túninu þar sem gamla heimreiðin (nr. 4) lá yfir bæjarhlaðið og til norðausturs í gegnum túnið. Austan við

tún eru litlar og fremur torgreinilegar tóftir sem ekki bera nafn eða vitað er hvað hafi verið (nr. 20-21). Leifar kvía (nr. 10) eru vestan bæjarlækjarins skammt suðvestur af bæ. Útgerðarminjar eru litlar þrátt fyrir langa sögu um útræði frá Víkum eins og fram hefur komið. Einn staur stendur í fjörunni vestan við ós bæjarlækjarins og er hann talinn leifar forns hjalls (nr. 14) sem þar stóð, áður, örnefni benda til að þarna hafi verið lending (nr. 15) og fiskgarðar (nr. 13) og lengi var uppsátur (nr. 16) austan bæjarlækjarins, ummerki um þetta eru þó öll horfin þar sem umhverfið hefur tekið töluverðum breytingum á þessum slóðum vegna landbrots. Ef farið er til vesturs með ströndinni er fyrst komið að matjurtagörðum (nr. 22) vestan í Stekkjartanga en leifar stekksins (nr. 74) horfnar fyrir minni ábúenda á Víkum. Vestan við Geitakarlsárós eru leifar fjárhúsa frá 19. eða 20. öld (nr. 23) og upp með Geitakarlsá og Stekkjarlæk sem renna saman til sjávar eru mógrafir í stekkjargili (nr. 27) og líklega tveir stekkir (nr. 25 og 26) í árgili Geitakarlsár. Við ströndina rúma 400m vesturósi Geitakarlsár eru leifar fjárhúss (nr. 29) og norðan þeirra eldri minjar sem eru að mestu horfnar í sjó (nr. 30-32). Vestast í landinu undir Urðarbrún eru leifar gamals hestavegar (nr. 34) upp stórgrýtisbrekkuna sem þar er, svonefndur Sneiðingur. En nokkru austar út frá austurenda Urðarbrúnar gengur fornt garðlag (nr. 33) út að sjávarbakkanum. Ofan (eða sunnan) vegar eru fornar minjar austast undir Hríslóabrún (nr. 43-45) og vestur af þeim mó- eða torfgröf í brekkunni (nr. 50-51) og stök tóft þar norðan við (nr. 42). Þá er garðlag og tóftir á norðari tanga Geitakarlsvatna, hugsanlega leifar náttþaga og stekks (nr. 36 og 37). Austur fyrir miðju syðra vatninu er tóft (nr. 38), og austan við suðurenda vatnsins eru fleiri tóftir (39-41). Valgeir Karlsson taldi að beitarhús hefði verið á þessum slóðum og kann eitthvað af þessum tóftum að vera menjar þess. Ef haldið er áfram til suðurs upp með læknum sem rennur þar á milli vatnanna er næst komið að Dýjaseli (nr. 54) austur af Nónskák og Dýjaselstjörn. Suðvestur af því austan vatnsins Þrístiklu og norðan Þorgeirslækjar er stök tvískipt tóft (nr. 55) og áfram austsuðaustur af henni norðan við litla tjörn er Víknasel (nr. 56-60). Suðsuðvestur af Víknaseli er Björnssel (nr. 61-63), austan Þorgeirslækjar, um 450m norður af Þorgeirsvatni. Tæplega 3km suður af Björnsseli eru óljósar litlar tóftir nyrst í Tjaldhólsflá hugsanlega menjar engjabúskapar (nr. 64-66), en heyjað var í Tjaldhólsflá og heyið flutt heim á hestum um heybandsveg (nr.87) um 8km leið heim að Víkum.

Minjar í landi Víkna eru eins og verða vill í misgóðu ástandi af 68 var aðeins ein sem hægt er að telja „heillega“, það er smiðjan (nr. 3) á gamla bæjarhlaðinu sem er að mestu uppistandandi þótt þakið sé að hluta fallið, 9 minjar töldust „vel greinanlegar“, 27 „greinanlegar“ og 15 „illgreinanlegar“ en 16 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í landi Víkna eru almennt ekki í mikilli hættu, þó eru nokkrar minjar út við sjó sem hafa þegar orðið fyrir landbroti og nokkrar til viðbótar verða að teljast í hættu þótt þær hafi ekki þegar orðið fyrir skemmdum. (sjá töflu hér að neðan).

NR	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
10	12319	Löngukvíar	garðlag	kvíar	hætta	vegagerð
14	12323	Garðar	heimild	hjallur	mikil hætta	landbrot
23	12332		tóft	óþekkt	hætta	landbrot
24	12333		tóft	óþekkt	hætta	landbrot
29	12338		tóft	fjárhús	hætta	landbrot

30	12339		tóft	óþekkt	mikil hætta	landbrot
31	12340		tóft	óþekkt	mikil hætta	landbrot
33	12342		garðlag	vörslugarður	hætta	landbrot

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar í landi Víkna

Könnun á aldri og eðli fornlegra minja undir Hrísfloábrún er afar forvitnileg, en minjarnar (nr. 43-45) eru mjög gamallegar að sjá og gætu verið frá fyrstu tíð byggðar í landi Víkna.

Aldursgreining á aldri minja á seljunum þremur Dýjaseli (nr. 54), Víknaseli (nr. 56-60) og Björnsseli (nr. 61-63) eru sömuleiðis áhugaverðar sem og könnun á eðli og aldri minja suðaustur af Geitakarlsvötnum (nr. 39-41) annars vegar og norðvestan við Tjaldhólsflá hins vegar (nr. 64-66).

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

Íslenskt Fornbréfasafn II. (1893). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenskt Fornbréfasafn III. (1896). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenskt Fornbréfasafn V. (1899-1902). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

JÁM VIII - *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. (1926). Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Ólafur Olavíus (1964). *Ferðabók – Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Hencels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsútgáfan: Reykjavík.

PK – Páll Kolka (1950). *Föðurtún*. Útgefandi: P. V. G. Kolka: Reykjavík.

HG - Hjördís Gísladóttir (1989). „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ í *Húnaþingi III*. Ritnefnd: Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga ofl.: Akureyri. Bls. 273-344.

Sigurjón Björnsson (2005). *Skaginn og Skagaheiði*. Skrudda: Reykjavík.

Aðrar heimildir

ÖVK 1 - *Víkur*. Valgeir Karlsson skráði, 1984. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖVK 2 - *Víkur. Athugasemdir og viðbætur*. Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði 1984, eftir Valgeiri Karlssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖAT - *Víkur*. [Skráningaraðila og ártal vantar], skráð eftir Önnu Tómasdóttur og Hjalta Árnasyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖPS - *Víkur. Athugasemdir*. [skráningaraðila og ártal vantar] skrá frá Pétri Sæmundssen. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Heimildamenn

Lilja Karlsdóttir, fædd og uppalinn á Víkum (f. 1938).

Valgeir Karlsson, fæddur og uppalinn á Víkum (f. 1943).

Hnitatafla - Víkur

NR	Fvr nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu-orsök	Hæð frá	Hæð til	Gróður	Austun	Norðun
1	12310	Víkur	hleðsla		híbyli		1800	1900	sést ekki				0	0		445014	623740
2	12311		heimild		fjós og hlaða		1800	1900	sést ekki				0	0		445015	623748
3	12312		hús		skemma		1800	1900	heillegar		engin hætta		0	0		445004	623758
4	12313		gata		heimreið		1700	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0	0	gras	445027	623764
5	12314		garðlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		1	2	gras	445046	623853
6	12315	Lambhús	dæld		fjárhús		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0	0	gras	444996	623703
7	12316		heimild		hesthús		1800	1900	sést ekki	bygginga			0	0		444939	623701
8	12317		heimild		fjárhús		800	1900	sést ekki	landbrots			0	0		444901	623670
9	12318		heimild		óþekkt	fjárhús	1800	1900	sést ekki				0	0		445085	623728
10	12319	Löngukvíar	garðlag		kvíar		1800	1900	greinanleg		hætta	vegagerð	0	1	gras	445006	623659
11	12320		heimild		matjurtagarður		800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0	0	gras	445023	623627
12	12321		heimild		beðasléttur		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0	0		444923	623640
13	12322	Garðar	heimild		óþekkt	fiskreitir	800	1900	sést ekki	landbrots	engin hætta		0	0		444958	623731
14	12323	Garðar	heimild		hjallur		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	0	0		444958	623731
15	12324		heimild		vör/lending		800	1900	sést ekki	landbrots			0	0		444958	623731
16	12325		heimild		uppsátur		1850	1950	sést ekki	landbrots			0	0	gras	444976	623764
17	12326		heimild		beðasléttur		1800	1950	sést ekki	sléttunar			0	0		445047	623810
18	12327		tóft		óþekkt		0	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi	445177	623823
19	12328		hleðsla		óþekkt		0	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi	445179	623815
20	12329		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras	445132	623703
21	12330		tóft		óþekkt		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0	0	gras	445132	623702
22	12331		garðlag	garðlög	matjurtagarðar		0	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras	444317	623559
23	12332		tóft		óþekkt	fjárhús?/ stórt naust?	1800	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0	1	gras	443915	623320
24	12333		tóft		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrot	0	0	gras	443841	623293
25	12334		tóft		stekkur		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi	443964	623143
26	12335		tóft	náttúrumyndun	óþekkt		0	0	illgreinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi	443962	623178
27	12336		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0	1	gras	444106	623082
28	12337		tóft		óþekkt	kofi	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0	0	gras	444044	623122
29	12338		tóft		fjárhús	beitarhús	1800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	0	1	gras	443484	623240
30	12339		tóft		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	0	0	gras	443492	623249
31	12340		tóft		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	0	0	gras	443485	623251
32	12341		þúst		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras	443477	623250
33	12342		garðlag		vörslugarður		900	1800	illgreinanleg		hætta	landbrot	0	1	gras/mosi/l	442736	623287

Hnitatafla - Víkur

NR	Fvr nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu-orsök	Hæð frá	Hæð til	Gróður	Austun	Norðun
34	12343		leið		leið		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi/lyng	442177	623307
35	12344		niðurgröftur og hleðsla		óþekkt	kuml?	900	1600	greinanleg		engin hætta		0	1	gras	442197	623336
36	12345		garðlag		vörslugarður	nátthagi	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		1	1	gras	443226	622775
37	12346		garðlag	tóft	óþekkt	stekkur/kvíar	1800	1900	greinanleg		engin hætta		1	1	gras	443241	622768
38	12347		tóft		óþekkt		1700	1800	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi/lyng	443554	622176
39	12348		tóft		óþekkt	stekkur/beitarhús	1500	1800	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi/	443333	621838
40	12349		tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	443321	621839
41	12350		tóft		óþekkt	kofi	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi/	443303	621812
42	12351		tóft		óþekkt	heyrtóft?	1500	1800	greinanleg		engin hætta		0	0	gras/mosi	444331	622913
43	12352		tóft		óþekkt		800	1400	illgreinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	444706	623042
44	12353		tóft		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi	444660	623018
45	12354		tóft		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi	444650	623020
46	12355	Tunguhús	heimild		híbyli		800	1680	sést ekki	bygginga			0	0		445006	623694
47	12356	Grund	heimild		híbyli		1750	1850	sést ekki	sléttunar			0	0	gras	445082	623737
48	12357		heimild		öskuhólar		1750	1850	sést ekki	sléttunar			0	0	gras	445084	623734
49	12358	Víknahjaleiga	heimild		óþekkt	híbyli	1750	1850	sést ekki	sléttunar			0	0	gras	445035	623823
50	12359	Hrísflói	niðurgröftur		Náma	torftaka	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0	0	gras	444322	622800
51	12360	Torfbrekka	heimild		náma	torftökustaður	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0	0		444467	622892
52	12361	Miðdegisbolli	niðurgröftur		Náma	Mógrafir	1800	1900	vel greinanlegar		engin hætta		1	1		444922	622700
53	12362	Torfflóí	heimild		torfrista		1700	1900	sést ekki				0	0	gras	444753	622347
54	12363	Dýjasel	tóft		sel		1600	1800	greinanleg		engin hætta		1	1	gras/mosi	443561	620383
55	12364		tóft		óþekkt	beitarhús?	1400	1700	greinanleg		engin hætta		0	0	lyng	443111	619588
56	12365	Víknasel	tóft		sel		1700	1800	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	443982	619370
57	12366	Víknasel	tóft		óþekkt	rétt	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0	1		444008	619352
58	12367	Víknasel	tóft		óþekkt		1600	800	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi	444035	619339
59	12368	Víknasel	tóft		óþekkt	fjárhúskofi?	800	1700	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi	444025	619298
60	12369	Víknasel	tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	444056	619255
61	12370	Björnssel	tóft		sel		1700	1800	greinanleg		engin hætta		1	1	lyng	443694	618626
62	12371	Björnssel	tóft		sel		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		1	1	gras/mosi	443698	618607
63	12372	Björnssel	tóft		sel		1700	1800	greinanleg		engin hætta		0	1	lyng	443712	618591
64	12373		tóft		óþekkt	sel	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	443206	615890
65	12374		púst/tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0	1	gras/mosi/lyng	443117	615940

Hnitatafla - Víkur

NR	Fvr nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu-orsök	Hæð frá	Hæð til	Gróður	Austun	Norðun
66	12375		þúst/tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		1	1	gras/mosi	443110	615921
67	12377	Nónskák	náttúrumyndun	klettur	eyktarmark		0	0	vel greinanleg		engin hætta		0	0		442720	620660
68	12376	Múlavatr	stöðuvatn		þjóðsagnastaður		0	0	vel greinanleg		engin hætta		0	0		441900	622036
69	12729	Náttmálalaut	náttúrumyndun		eyktarmark		0	0	sést ekki		engin hætta		0	0		444988	623776
70	12730	Krosstangi	náttúrumyndun		landamerki		0	0	sést ekki		engin hætta		0	0		445147	624097
71	12731	Þorgeirsvatr/ Þorgilsvatr og Gegnisvatn	stöðuvatn		þjóðsagnastaður		0	0	vel greinanleg		engin hætta		0	0		443973	617488
72	12733	Stekkjartangi	heimild		stekkur		0	0					0	0		444353	623602
73	12735	Stekkjargil	heimild		stekkur		0	0					0	0		444074	623106



Víkur - Yfirlitskort 1





Víkur - Yfirlitskort 2



Víkur - Yfirlitskort 3



0 1.000 M



Byggðasafn Skagfirðinga
2010